

# Skipulags- og byggingarfulltrúinn í Eyja- og Miklaholtshreppi og Helgafellssveit

---

## 17. fundur skipulags- og byggingarnefndar Eyja- og Miklaholtshrepps og Helgafellssveitar.

Fundurinn var haldinn þriðjudaginn 22. mars 2011 að Þverá í Eyja- og Miklaholtshreppi og hófst kl. 21:00.

### Mættir voru:

Halldór Jónsson, Þverá.

Benedikt Benediktsson, Saurum.

Jóhannes Eyberg Ragnarsson, Hraunhálsi.

Pröstur Aðalbjarnarson, Stakkhamri.

Jökull Helgason, skipulags- og byggingarfulltrúi, sem einnig ritaði fundargerð.

Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund.

### Dagskrá fundarins:

1. Erindi dags. 26.11.2010 frá Kristjáni Guðmundssyni, Sjávarflöt 8, Stykkishólmi. Framlagt deiliskipulag vegna Brettingsstaða í Helgafellssveit. Með erindinu fylgdi uppdráttur unnin af Ólafi K. Guðmundssyni.  
**Samþykkt að auglýsa deiliskipulagið þegar aðalskipulag Helgafellssveitar hefur hlotið staðfestingu.**
2. Erindi dags. 26.11.2011 frá Kristjáni Guðmundssyni, Sjávarflöt 8, Stykkishólmi og Agli Valberg Benediktssyni, Birkilundi 43, Helgafellssveit. Sótt er um breytingu á landamerkjum milli Brettingsstaða og Hóla 1. Með erindinu fylgdi uppdráttur unnin af Ólafi K. Guðmundssyni dags. september 2010.  
**Nefndin samþykkir breytinguna fyrir sitt leyti.**
3. Erindi dags. 11.03.2011 frá teiknistofunni Kvarða. Sótt er um byggingarleyfi fyrir gestahúsi á lóðinni Birkilundi 15 í Helgafellssveit. Stærð 20 m<sup>2</sup>. Undirstöður gestahúss eru steinsteyptir veggir. Timburgrind í útveggjum. Mænispak sem borið er uppi af límtrésbita.  
**Samþykkt með fyrirvara um leiðréttar teikningar.**
4. Erindi frá Ásmundi Jóhannssyni teiknistofunni Arko f.h. Péturs Geirssonar, Egilsgötu 16, Borgarnesi. Óskað er eftir samþykki fyrir sumarhúsi á spildu úr landi Innri-Kóngsbakka, Innra-Kóngsbakkaland lnr. 188483.  
**Samþykkt.**
5. Erindi dags. 25.11.2010 frá Valgerði Gunnarsdóttur f.h. landeigenda að Hofsstöðum í Helgafellssveit. Sótt er um leyfi til að rífa tvö mannvirki að Hofsstöðum. Votheysgrifja 06-0101, byggð 1935. Fjós 03-0101, byggt 1940.  
**Samþykkt.**

## Skipulags- og byggingarfulltrúinn í Eyja- og Miklaholtshreppi og Helgafellssveit

---

6. Erindi dags. janúar 2011 frá Snorra Jóhannssyni kt. 22.07.44-2219, Litlubæjarvör 16, 225 Álftanesi f.h. Bassa ferðaþjónustu slf.

Sótt er um leyfi fyrir salernishúsi við tjaldsvæði vegna ferðaþjónustu að Skildi. Um er að ræða salernisgám og útiadstöðu fyrir vaska. Undirstöður eru steyptrir sökkjar. Stærð salernisaðstöðu er 46 m<sup>2</sup> / 159,6 m<sup>3</sup>. Hæð salernisgáms er 2,59 m. Með erindinu fylgdu byggingarnefndarteikningar frá Atla Jóhanni Guðbjörnssyni, Teiknistofunni Stórhöfða 17, Reykjavík.

**Í ljósi þess að í gangi er deila um landamerki milli Króksengis og Skjaldar, sér nefndin sér ekki fært að taka afstöðu til málsins að svo komnu máli.**

7. Erindi dags. janúar 2011 frá Snorra Jóhannssyni kt. 22.07.44-2219, Litlubæjarvör 16, 225 Álftanesi f.h. Bassa ferðaþjónustu slf.

Sótt er um byggingarleyfi fyrir húsi á lóðinni Léttuhlíð nr. 5 í landi Gríshóls. Um er að ræða timburhús með mænispaki reist á steypum sökkli. Burðarvirki útveggja, þaks og gólfs er úr timbri. Þak og veggir eru klæddir bárujárni. Stærð hússins er 59,6 m<sup>2</sup> / 184,9 m<sup>3</sup>. Með erindinu fylgdu byggingarnefndarteikningar frá Atla Jóhanni Guðbjörnssyni, Teiknistofunni Stórhöfða 17, Reykjavík.

**Samþykkt að veita tímabundið stöðuleyfi til eins árs.**

8. Erindi dags. janúar 2011 frá Snorra Jóhannssyni kt. 22.07.44-2219, Litlubæjarvör 16, 225 Álftanesi f.h. Bassa ferðaþjónustu slf.

Sótt er um byggingarleyfi fyrir veiðihúsi og geymslu á lóð úr landi Gríshóls. Um er að ræða timburhús með mænispaki reist á steypum sökkul og steypa gólfplötu. Burðarvirki útveggja og þaks er úr timbri. Þak og veggir eru klæddir bárujárni. Stærð húss er 46,0 m<sup>2</sup> og geymslu 8,4 m<sup>2</sup>, samtals 54,4 m<sup>2</sup>. Með erindinu fylgdu byggingarnefndarteikningar frá Atla Jóhanni Guðbjörnssyni, Teiknistofunni Stórhöfða 17, Reykjavík.

**Nefndin samþykkir endurbyggingu hússins með fyrirvara um lóðarréttindi og að skilað verði inn skáningartöflu fyrir húsið.**

9. Erindi dags. 28.02.2011 frá Borghildi Sturludóttur arkitekt hjá Baark fyrir hönd eigenda Vegamóta.

Sótt er um leyfi til að breyta geymsluhúsnæði í gistirými með 13 herbergjum auk starfsmannarýmis og þvottahúss. Veggir verða einanagraðir að utan og klæddir bárujárni. Þak verður gert upp en endurgert í norðurhluta hússins. Loft verða klædd með krossviði og látin fylgja sperrum (lofthæð nýtt). Innveggir verða gipsklæddir og krossviðsklæddir. Brunavarnir; burðavirki verða hönnuð með a.m.k REI 60 brunamótstöðu. Hvert gistirými er sér brunahólf og er brunaviðvörðunarkerfi staðsett í þvottahúsinu.

Helstu stærðir: Hvert herbergi er 15m<sup>2</sup> með baðherbergi. Herbergi fyrir hreyfihamlaða er 22,4 m<sup>2</sup>. Ný starfsmannaaðstaða er 30 m<sup>2</sup>.

**Samþykkt með fyrirvara um leiðréttar teikningar og að skilað verði inn skráningartöflu.**

10. Erindi dags. 28.02.2011 frá Inga Ólafssyni, Borg 2.

Sótt er um leyfi fyrir rifum á útihúsum að Borg 2.

**Samþykkt.**

# Skipulags- og byggingarfulltrúinn í Eyja- og Miklaholtshreppi og Helgafellssveit

---

11. Erindi dags. 15.02.2011 frá Hálfadáni Æ. Þórisssyni, Mávakletti 16, Borgarnesi.  
Sótt er um leyfi fyrir niðurrifi á 37,4 m<sup>2</sup> sumarhúsi í Laxárbakkalandi lnr. 136152, í Eyja- og Miklaholtshreppi. Húsið var byggt árið 1975.

**Samþykkt.**

12. Til kynningar:

- a) Bréf dags. 14.01.2011 frá Guðjóni Bragasyni f.h. Sambands Íslenskra sveitarfélaga, varðandi áhrif nýrra mannvirkjalaga á umboð byggingarnefnda.
- b) Bréf dags. 07.01.2011 frá Vegagerðinni.
- c) Bréf dags. 15.03.2011 frá Húsafriðun vegna styrkveitinga 2011 vegna byggða- og húsakönnunar.
- d) Bréf dags. 16.02.2011 frá Skipulagsstofnun.
- e) Bréf dags. 19.11.2010 frá Slökkviliðsstjóra Stykkishólms og nágrennis.

13. Önnur mál.

Ekkert var tekið fyrir undir liðnum önnur mál.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundargerð lesin og staðfest.

Fundi slitið kl. 23:25